42. aðalfundur

Landssambands smábátaeigenda

Ályktanir og tillögur 2026

Efnisyfirlit

Sjávarútvegsnefnd 2
- Punktakerfi 2
- Strandveiðar 2
- Grásleppuveiðar 3
- Línuívilnun 4

Allsherjarnefnd 6
- Handfæraveiðar 6
- Önnur veiðarfæri 6
- Hvalveiðar 8
- Byggðakvóti 8
- 5,3% potturinn og ráðstöfun aflaheimilda 8
- VS-afli 8
- Aflamark og aflaheimildir 9
- Hafrannsóknir, ráðgjöf og aflaregla 9
- Hrygningarstopp 10
- Lúða 10
- Annað 10

Sjávarútvegsnefnd

Punktakerfi

- Aðalfundur LS hafnar alfarið öllum hugmyndum um punktakerfi í strandveiðum.

Strandveiðar

- Aðalfundur LS leggur til að núverandi kerfi verði eflt með því að tryggja nægar aflaheimildir sem dugi fyrir 48 dögum.

- Aðalfundur LS leggur til að allur meðafli á strandveiðum sé frjáls.

- Aðalfundur LS lýsir óánægju með stöðvun strandveiða 2026 snemma í ágúst þótt því sé fagnað að veiðar stóðu nú lengur en mörg undanfarin ár. Skorar félagið á stjórnvöld að tryggja að þessar veiðar verði leyfðar í 12 daga á mánuði, 774kg á dag, í fjóra mánuði þ.e. maí, júní, júlí og ágúst og að slík ákvörðun liggi fyrir í byrjun vertíðar. Með því verði öryggi sjómanna aukið sem og jafnræði veiðanna milli útgerða og veiðisvæða umhverfis landið.

- Aðalfundur LS skorar á stjórnvöld að gera strandveiðar óháðar aflamarkskerfinu og koma þannig að nokkru til móts við álit mannréttindanefndar SÞ frá árinu 2007.

- Aðalfundur LS skorar á stjórnvöld að endurskoða reglur um umframafla á strandveiðum, þannig að heimilt verði að para umframafla með afla næsta dags, en sektað verði fyrir afli umfram 800kg og að sektin verði tvöfalt aflaverðmæti þess afla (s.s. aflans sem fer umfram 800kg).

- Aðalfundur LS fer þess leit að rauðir dagar verði viðurkenndir sem róðradagar til strandveiða. Breytingin mun draga úr hættu á sókn á brældögum.

- Aðalfundur LS krefst þess að 50.000 kr gjaldið vegna strandveiðileyfis verði fellt niður.

- Horfið verði frá svæðisskiptingu fyrir strandveiðileyfi og landið gert að einu svæði.

- Leyfilegt verði að sækja um strandveiðileyfi allt tímabilið, líka eftir að strandveiðitímabil er hafið.

- Aðalfundur LS leggur til að strandveiðar verði óbreytt kerfi með að lágmarki 40 veiðidaga og 774 kg á dag miðað við 200.000 tonna heildarúthlutun í þorski og stöðvunarheimild veiðanna verði felld úr gildi.

Greinargerð
40 dagar miðað við 200.000 tonn, 44 dagar miðað við 220.000 tonn og svo framvegis. 5000 tonn er 1 dagur upp eða niður, en aldrei minna en 40 dagar.

- Koma þarf í veg fyrir að sami útgerðaraðili/eigandi geti verið með fleiri en einn bát í einu á strandveiðum.

- Aðalfundur LS fer fram á við Fiskistofu að þeir leiðrétti aflatölur strandveiðibáta miðað við endurvigtun frá fiskmörkuðum í þeim tilvikum þar sem hafnarvörður hefur óvart sett inn að lokavigt sé á hafnarvog enda um augljós mistök að ræða.

- Aðalfundur LS lýsir yfir ánægju með hvernig staðið var að framkvæmd strandveiða í sumar. Aðalfundurinn minnir enn og aftur á ákvæði í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar um 48 daga til strandveiða.

- Aðalfundur LS fer fram á að þeir sem eru fjölskyldutengdir geti átt 50% í sama bát og skipst á að fara á sjó.

- Tryggt verði að nákomnum aðilum, svo sem börnum eða mökum, sé heimilt að róa á bát þótt annar fjölskyldumeðlimur sé skráður eigandi.

Grásleppuveiðar

- Aðalfundur LS fer fram á að aðlögunartími vegna möskvafjölda/dýpt grásleppuneta verði lengdur eða net greidd/keypt upp.

- Aðalfundur LS fer fram á að upphaf grásleppuveiða verði fyrr í tengslum við markað ásamt því að dagafjöldi liggi fyrir áður en veiðar hefjast.

- Aðalfundur LS leggur til við stjórnvöld að samnýting grásleppuleyfa verði heimiluð, með það að markmiði að auka dagakvóta viðkomandi báts. Sem dæmi, einn bátur gæti haft 2 til 3 leyfi.

Þetta er hagræðing og ýtir ekki undir meiri sóknarþunga sem í sumum tilfellum yrði ekki nema helmingur leyfis nýttur.

- Aðalfundur LS vill að leyfileg heildar netalengd við grásleppuveiðar verði óbreytt (7500m).

- Aðalfundur LS hafnar öllum hugmyndum um að netafjöldi við grásleppuveiðar taki mið af stærð báta. (Jafn mörg net fyrir alla.)

- Aðalfundur LS mótmælir harðlega þeirri aðferðafræði sem viðhöfð hefur verið við útreikninga á meðafla í grásleppunet. Það er að segja uppreikning á fugli og sel úr veiðieftirlitsferðum Fiskistofu.

- Aðalfundur LS mótmælir harðlega enn og aftur þeirri ákvörðun að loka svæðum að fengsælum miðum við grásleppuveiðar í Faxaflóa vegna æðarvarps.

- Aðalfundur LS leggur til að leyft verði að draga upp net t.d. fyrir brælu og vegna meðafla – dagar hætti þá að telja við grásleppuveiðar.

- Aðalfundur LS leggur til að grásleppuveiðar megi hefjast 1.febrúar og að gefnir verði út lágmarks dagafjöldi t.d. 20 strax í upphafi.

Línuívilnun

- Aðalfundur LS hafnar öllum hugmyndum um afnám línuívilnunar.

- Aðalfundur LS fordæmir vinnubrögð stjórnvalda varðandi línuívilnun; línuívilnun þarf að liggja fyrir í upphafi fiskveiðiárs af auðsjáanlegum ástæðum.

- Aðalfundur LS krefst þess að ráðherra bæti þegar í stað við veiðiheimildir í línuívilnun.

- Línuívilnun gildi fyrir alla dagróðrabáta undir 30 tonn og að línuívilnun verði 30% á landbeitta línu og 20% á uppstokkaða línu í landi.

- Aflamagn í línuívilnun verði aukið aftur í að lágmarki í 1.200 tonn af þorski.

- Línuívilnun nái til afla upp að 6.000 kg í róðri.

Allsherjarnefnd

Handfæraveiðar

- Aðalfundur LS krefst þess að handfæraveiðar smábáta verði gefnar frjálsar.

- Aðalfundur LS vill að handfæraveiðar njóti ívilnunar allt að 30%.

Greinargerð

Áríðandi er, að teknu tilliti þess samfélags sem við byggjum og loftlagsmarkmiða stjórnvalda, að viðurkennt verði að veiðar með handfærum séu vistvænni en aðrar veiðar sem stundaðar eru hér við land. Jafnt og eigendur tvinn bíla eiga handfæraveiðar að njóta ívilnunar.

Veiðarnar eru stundaðar á tvinn bátum, þ.e. þeir hafa tvær aflrásir, önnur sem nýtir jarðefnaeldsneyti til keyrslu að og frá veiðistað og hin sem knúin er af orku frá rafgeymum sem nýtt er til veiða. Rafgeymar eru svo hlaðnir á keyrslu og með landrafmagni.

- Aðalfundur LS krefst frjálsra færaveiða smábáta á makríl.

Önnur veiðarfæri

- Aðalfundur LS krefst þess að óheimilt verði að nota flotvörpu við veiðar á loðnu, síld og makríl í íslenskri landhelgi. Óumdeilt er að skaðsemi veiðarfærisins er fyrir hendi, t.d. ánetjast gríðarlegur fjöldi grásleppuseiða við veiðarnar. Við löndun er skaðinn skeður auk þess að í aflanum er fullvaxin grásleppa. Bent skal á að við flotvörpuveiðar á sl. fiskveiðiári var magn grásleppu í lönduðum afla alls 58 tonn, rúmlega helmingi meira en úr botntrolli. Margir skipstjórar loðnuskipa gagnrýna notkun flottrolls við loðnuveiðar.

- Aðalfundur LS vill að griðasvæði fiska á grunnslóð verði bætt með því að banna veiðar með botntrolli innan 12 mílna.

Greinargerð

Það var meiningin með útfærslunni 1958. Sjómenn voru mjög ánægðir með það, í þá tíð. Það sem ynnist með þessu væri að veiðar á humri færðust yfir í gildrur. Sandsíli mundi einnig fjölga mjög mikið, vegna þess að hrogn sandsílisins eru marga mánuði að klekjast út. Sjá grein: https://timarit.is/page/6777974?iabr=on# Náttúrufræðingurinn 1.-2. hefti 2013

Auk afráns og samkeppni um fæðu geta verið aðrar ástæður fyrir bresti í nýliðun sandsílis, svo sem breytingar í umhverfinu. Frá því hrygningu sandsílis lýkur um áramót og þar til hrogn klekjast út vorið eftir getur margt gerst. Hraði eggþroska ræðst fyrst og fremst af sjávarhita, seltu og birtu en sömu þættir ráða einnig tímasetningu klaks. Sú tímasetningin getur verið afdrifarík því seiðin þurfa fljótlega eftir klak að finna hentuga fæðu.

- Aðalfundur LS skorar á stjórnvöld að endurskoða tafarlaust veiðisvæði með dragnót inn á fjörðum og flóum landsins. Ljóst er að rannsóknir á áhrifum þessara veiða eru litlar og algerlega ófullnægjandi, ekki síst þar sem þessar veiðar eru stundaðar á hrygningar- og uppeldissvæðum mikilvægra fiskistofna. Einnig verði endurskoðaðar reglur um stærð dragnótabáta og veiðarfæra sem þeir nota. Fundurinn lýsir miklum áhyggjum af afleiðingum snurvoðar á hafsbotn og sandsílastofninn sem er gríðarlega mikilvæg fæða fyrir nytjastofna okkar.

- Aðalfundur LS vill að aftur verði tekinn upp svæðisskipting á dragnót.

- Aðalfundur LS krefst þess að lög nr. 79/1997 um aflvísi togskipa verði fært aftur til fyrra horfs en þeim var breytt 30. maí 2023. Þessar breytingar hafa valdið auknum ágangi öflugra togskipa nær landi sem kemur sér gríðarlega illa fyrir veiðar smábáta og hefur neikvæð áhrif á lífríki sjávar.

- Aðalfundur LS leggur til bann við notkun botntrolls sem miðast við línu dregin 4 mílur vestur frá Önglabrjótsnef við Reykjanes beint í 4 mílur út frá Malarrifi á Snæfellsnesi.
    - Til vara að miðað verði við 12 mílur vestur úr Stafnesi 63gráður 58 mín. í Malarrif.

- Aðalfundur LS vill að sæbjúgnaveiðar með plóg verði bannaðar. Litlar eða engar vísindalegar rannsóknir hafa farið fram um áhrif plógs á botn og á botnlíf og þeirra fiska sem lifa á botndýrum.

- Aðalfundur LS krefst þess að ekki verði opnað fyrir dragnóta- og netaveiðar fyrir innan línu sem dregin er úr Selskeri norður af Grundarfirði í Selsker austan við Skor á Breiðafirði.

- Aðalfundur LS lýsir miklum áhyggjum vegna þess að búið er að heimila þorskanetaveiðar með 10 tommu möskva og farið er að nota mun dýpri net en áður var.

- Aðalfundur LS vill að umhverfisráðherra beiti sér fyrir því að gert verði umhverfismat á áhrifum veiðarfæra á sjávarbotn, lífríki sjávar og loftslagsins, og kolefnisjöfnun þess.

- Aðalfundur LS vill að allur humar verði veiddur í gildrur á bátum undir 30 tonnum og 15 metrum.

- Aðalfundur LS mótmælir harðlega reglugerðabreytingu um fjölda krabba og beitukóngsgildra í 2000 pr. bát.

Hvalveiðar

- Aðalfundur LS styður áframhaldandi hvalveiðar.

Byggðakvóti

- Aðalfundur LS leggur til löndunarívilnun þannig að byggðakvóta verði úthlutað sem ívilnun við löndun og gildi fyrir línu og handfærabáta undir 30 brt. Jafnframt að meiri afli fari til strandveiða. Það er skoðun félagsins að með þessu nýtast heimildirnar hinum dreifðu byggðum á gegnsæjan hátt.

- Aðalfundur LS styður ályktun Drangeyjar-smábátafélags Skagafjarðar í mótmælum hvernig staðið var að úthlutun byggðakvóta á Skagafirði í ár. Er ný sveitarstjórn hvött til þess að endurskoða þær tillögur sem komið hafa frá henni til ráðherra á síðustu þremur fiskveiðiárum. Einnig leggur félagið áherslu á að byggðakvóta í Skagafirði verði einungis úthlutað til dagróðrabáta sem eru minni en 30 brt. Þá verði aldrei meira en 20% af byggðakvóta á Sauðárkróki úthlutað til hvers útgerðarfyrirtækis.

- Aðalfundur LS skorar á stjórnvöld að afnema vinnsluskyldu í heimabyggð á mótframlagi byggðakvótans nema tryggt verði að markaðsverð fáist fyrir þann afla.

5,3% potturinn og ráðstöfun aflaheimilda

- Aðalfundur LS leggur til að félagslegi potturinn verði 10% í stað 5,3% svo að hann geti sinnt sínu hlutverki.

- Aðalfundur LS leggur til að línuívilnun, skel og rækjubætur verði ekki tekið úr 5,3% pottinum.

VS-afli

- Aðalfundur LS vill að hægt sé að nýta VS aflaheimildir við strandveiðar.

- Aðalfundur LS óskar eftir því að VS tímabilið verði fiskveiðitímabilið.

Aflamark og aflaheimildir

- Aðalfundur LS skorar á stjórnvöld að úthluta 30.000 tonnum af þorski veiddum utan strandveiða. Greiðsla fyrir það verði 4. milljarðar sem dragast af bátum við löndum á fiskmarkaði eða í gegnum fiskmarkaði. Jafnframt 25% af nettó verðmæti annara fisktegunda sem veiðast með.

- Aðalfundur LS skorar á stjórnvöld að breyta lögum svo þau geti tekið áður sendu tilboði LS í 30 þúsund tonn af þorski.

- Aðalfundur LS vill að flutningsréttur myndist við leigu á aflamarki.

- Aðalfundur LS hafnar öllum hugmyndum um sameiningu aflamarks- og krókaaflamarks.

Hafrannsóknir, ráðgjöf og aflaregla

- Aðalfundur LS lýsir algjöru vantrausti á stofnstærðarmælingar og veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunar.

- Aðalfundur LS telur augljóst að vísindalegar forsendur veiðiráðgjafar Hafrannsóknastofnunar í öllum fiskitegundum hafi engan veginn staðist. Skorar félagið á stjórnvöld að láta fara fram úttekt á árangri stofnunar síðustu áratugi. Þá telur félagið að skilja eigi veiðiráðgjöfina frá gagnaöflun og rannsóknum með hliðstæðum hætti og gert var í dómskerfinu á sínum tíma.

- Aðalfundur LS skorar á stjórnvöld að endurskoða aflareglu, þannig að hún verði 25%.

- Aðalfundur LS skorar á stjórnvöld að auka rannsóknir á lífríki Breiðafjarðar, sérstaklega ef auka eigi nýtingu sjávargróðurs úr firðinum, og hvaða áhrif hún hafi á lífríki Breiðafjarðar og viðgang fiskiseiða.

Hrygningarstopp

- Aðalfundur LS leggur til að handfæraveiðar verði undanþegnar hrygningarstoppi.

Lúða

- Aðalfundur LS óskar eftir að handfæra- og línubátum verði heimilt að landa lúðu sem meðafla.

Annað

- Aðalfundur LS telur óásættanleg vinnubrögð Samgöngustofu um lögskráningu sjómanna, að það skuli þurfa að lögskrá á smábát í hvert í sinn sem hann lætur úr höfn og afskrá þegar í höfn er komið.

- Félag Smábataeigenda á Austurlandi vill árétta að LS er félag allra smábátaeigenda, sem í LS kjósa að vera. Sama hvenær og hvernig smábátaeigendur haga sínum róðrum og hvaða veiðarfæri menn kjósa að nota. Stuðla að sameiningu frekar en sundrung.

- Aðalfundur LS mælist til þess að stjórnvöld geri nauðsynlegar breytingar á lögum og reglugerðum svo eigendum fiskiskipa undir 15 metrum verði heimilt að annast eigin skoðun báta sinna milli reglubundinna aðalskoðana viðurkenndra skoðunaraðila.

Greinargerð

Eðlilegt hlýtur að teljast að smábátaeigendur njóti sambærilegrar heimildar og eigendur skemmtibáta undir 15 metrum, sem um árabil hafa getað framkvæmt árlegar milliskoðanir á eigin bátum. Með skýrum skoðunarhandbókum, stöðluðum skoðunarskýrslum, skilaskyldu gagna og reglubundnu eftirliti viðurkenndra aðila má tryggja að slíkt fyrirkomulag sé bæði traust og skilvirkt.

Fyrirkomulagið skal byggja á því að upphafsskoðun og reglubundnar aðalskoðanir séu áfram í höndum Samgöngustofu eða viðurkenndra skoðunaraðila, en eigandi geti þess á milli framkvæmt skilgreinda eigin skoðun og beri fulla ábyrgð á að bátur og búnaður uppfylli ávallt gildandi öryggiskröfur. Verði bátur fyrir skemmdum eða honum breytt skal sérstök aukaskoðun fara fram hjá viðurkenndum aðila.

- Aðalfundur LS leggur til að í áhöfn báta undir 15 metrum verði ekki skylt að hafa stýrimann þar sem Strandvari er um borð.